

## Starfslýsing stuðningsfulltrúa



Næsti yfirmaður: Stjórnendur, dagleg verkstjórn er í höndum viðkomandi kennara og/eða verkefnisstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Aldurstakmark 20 ára
- Áhugi á að vinna með börnum
- Menntun sem nýtist í starfi, stuðningsfulltrúanáám æskilegt
- Krafist er íslenskukunnáttu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi

Ábyrgðarsvið: Stuðningsfulltrúi er einum eða fleiri nemendum til stuðnings. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Stefnt er að því að draga smám saman úr þörf nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt.

Helstu verkefni eru:

- Aðstoða nemendur við daglegar athafnir og virkja þátttöku í skólastarfi
- Aðstoða nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt einstaklingsáætlun undir leiðsögn kennara
- Aðstoða nemendur við að fylgja bekkjarsáttmála og sinna hlutverki sínu
- Aðstoða nemendur við að klæðast, matast og aðrar athafnir daglegs lífs ef þeir eru ófærir um það sjálfir
- Veita nemendum félagslegan stuðning með því að hlusta á frásagnir og reynslu þeirra og spjalla við þá þegar aðstæður leyfa
- Sitja teymisfundi og foreldrasamtöl eftir því sem við á
- Skrifa í samskiptabók daglegar lýsingar á hegðun, athöfnum og gengi nemandans í góðri samvinnu við umsjónakennara
- Geta eftir aðstæðum einnig sinnt öðrum nemendum í bekknum, m.a. til að kennari geti aðstoðað nemanda sem þarf séraðstoð og til að draga úr sérstöðu nemenda með sérþarfir
- Sinna gæslu í frímínútum á skólalóð

Allir starfsmenn Grunnskólans í Stykkishólmi eru bundnir trúnaði um hvert það mál sem þeir kunna að verða áskynja í starfi, þagnareiðurinn gildir eftir starfslok. Þeim ber að taka þátt í uppeldisstarfi skólans þar sem megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir skulu vera viðbúnir til að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum og þekkja rýmingaráætlun skólans. Þeir skulu starfa í anda Uppeldis til ábyrgðar, eftir jafnréttisstefnu skólans, tilkynna grun um einelti eftir þar til gerðum leiðum og fylgja öryggisstefnu skólans varðandi persónuverndarlögin.